



Reykjavík, 23. desember 2024

MSS24040131

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis og bústaðahverfis:

*Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði úttekt á götuumhverfi Hæðargarðs með hliðsjón af öryggi óvarðra vegfarenda, sérstaklega ungra barna og unglinga, sem eiga leið um götuna til og frá skóla, leikskóla og frístund. Horft verði til hvaða mögulegu aðgerða megi grípa til að draga úr gegnumakstri og umferðarhraða í Hæðargarði.*

Greinargerð fylgdi tillögu:

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis telur mikilvægt að umhverfi Hæðargarðs verði skoðað með tilliti til umferðaröryggis. Hitaveitustokkurinn við Hæðargarð er mikið notuð göngu- og hjólaleið í hverfinu. Leggja ætti aukna áherslu á hlutverk götunnar sem græn meginleið um hverfið með auknum gróðri í og við götuna. Með auknum umferðarpunga á Bústaðavegi er það upplifun íbúa við Hæðargarð og þeirra sem starfa við götuna að óþarfa gegnumakstur hafi aukist og hraðakstur sömuleiðis. Rýna þarf í þessa þróun og draga fram hvaða mögulegu aðgerðir séu best til þess fallnar að draga úr gegnumakstri og minnka umferðarhraða.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 8. maí 2024.

### Umsögn:

Fylgst er með aðstæðum m.t.t. umferðaröryggis í Hæðargarði líkt og öðrum götum í nágrenni við grunnskóla borgarinnar. Gönguleiðir skólabarna hafa verið kortlagðar, fylgst er með hraðamælingum, slyasögu og ábendingum sem berast. Unnið er út frá forgangsröðun umferðaröryggisáætlunar þar sem megin áherslan er á koma í veg fyrir alvarleg sly og þá sérstaklega á börnum. Þrátt fyrir töluverða umferð og nokkuð hraða umferð um Hæðargarð þá eru aðstæður m.t.t. umferðaröryggis ekki þannig að tilefni sé út frá umferðaröryggi að taka götuna sérstaklega fyrir í heildstæða úttekt.



Reykjavík



Á síðustu tíu árum (2014-2023) er ekkert umferðarslys á gangandi eða hjólandi vegfaranda skráð á Hæðargarði. Þau umferðaróhöpp sem skráð eru hafa orðið eru öll án meiðsla og verða þannig að ökutækjum er ekið á hvort annað eða á fastan hlut, öll án meiðsla. Í borginni eru fjölmargir staðir þar sem gera þarf lagfæringar og úrbætur til að bæta umferðaröryggi. Ekki er talin ástæða, á þessum tímapunkti, til að taka götuna sérstaklega fyrir fram fyrir aðrar sambærilegar götur í borginni.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*

Fylgigögn:



**Reykjavík**